

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Kelduneshrepps 1995-2007, lega þjóðvegur nr. 85 frá Bangastöðum að Víkingavatni.

Samkvæmt 2. mgr. 21. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 17. október 2001 staðfest breytingu á aðalskipulagi Kelduneshrepps 1995-2007 frá 1. september 2000.

Breytingin felst í að legu þjóðvegur nr. 85 á milli Bangastaða og Víkingavatns verði breytt í samræmi við úrskurð Skipulagsstofnunar í mati á umhverfisáhrifum dags. 22. desember 2000 og úrskurð umhverfisráðuneytisins frá 27. júní 2001.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki sveitarstjórnar Kelduneshrepps. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytinu, 17. október 2001.

Siv Friðleifsdóttir.

Magnús Jóhannesson.